

Sveitarfélagið Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 7.1.2022  
UST202112-020/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Breyting - Deiliskipulag – Athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar, Unu- og Vesturbakki í Þorlákshöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 2. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar, Unu- og Vesturbakki í Þorlákshöfn.

Í tillögunni kemur fram að breytingin gengur út á að skipulagssvæðið stækkar til suðurs og bætast við það tvær lóðir Hraunbakki 3 og 5.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsagnir varðandi deiliskipulagið 8. júní <sup>1</sup> og 23. nóvember 2020 <sup>2</sup>.

### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem breytingin nær til er hraun sem fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en hraun njóta sérstakrar verndar í samræmi við verndarmarkmið 3. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við staðsetningu byggingareita sé tekið tillit til jarðmyndana sem hafa verndargildi á skipulagssvæðinu. Að öðru leiti vísar stofnunin til eldri ofangreindar umsagna.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga%20-%20deiliskipulag%20atvinnusv%c3%a6%c3%b0is%20vestan%20c3%93seyrarbrautar%20c3%ad%20c3%9e0rl%c3%a1ksh%c3%b6fn%20-%20Sveitarf%c3%a9lagi%c3%b0%20c3%96lfus.pdf>

<sup>2</sup> <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Tillaga%20e2%80%93%20Deiliskipulag%20atvinnusv%c3%a6%c3%b0is%20vestan%20c3%93seyrarbrautar%20c3%ad%20c3%9e0rl%c3%a1ksh%c3%b6fn%20-Sveitarf%c3%a9lagi%c3%b0%20c3%96lfus%20-%20Vi%c3%b0b%c3%b3tarums%c3%b6gn.pdf>